

SAMNINGUR UM UPPGJÖR LANDBÓTA
á grundvelli 21. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, vegna
landsréttinda í þágu 66 kV háspennujarðstrengur

1. Aðild

Aðilar samnings þessa eru annars vegar Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, (í samningi þessum nefnt Landsnet) og hins vegar Akureyrarbær kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri (í samningi þessum nefndur landeigandi), þinglýstur eigandi 100% jarðanna Akureyrarland Akureyri landnr. L217927, Mýrarlón Akureyri landnr. L146955, og Ytri Skjaldarvík í Hörgársveit landnr. L152505, (í samningi þessum sameiginlega nefndar jörðin).

2. Landnot og þinglýsing kvaðar

Með yfirlýsingu, dags. 8/7 2024 (hér eftir nefnt yfirlýsingin), hefur undirritaður landeigandi heimilað Landsneti að leggja kvöð á jörðina, sbr. 21. gr. raforkulaga, 65/2003, sem hlýst af lagningu 66 kV háspennujarðstrengs, Dalvíkurlínu 2, í landi jarðarinnar og vegslóðar, allt í samræmi við meðfylgjandi yfirlitskort, dags. 26/4 og 3/1 2023 (hér eftir nefnt yfirlitskort). Teljast yfirlýsingin og yfirlitskortið hluti samnings þessa.

Landsneti er heimilt að þinglýsa yfirlýsingunni sem ótímaþundinni kvöð á jörðina og greiðir Landsnet kostnað vegna þinglýsingarinnar.

3. Fyrirkomulag framkvæmdar, framkvæmdatími og frágangur

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir sem fyrst eftir að nauðsynleg leyfi liggja fyrir. Landsnet gerir landeigendum viðvart með hæfilegum fyrirvara hvenær vinna hefst í landi jarðarinnar. Yfirlitskort er til leiðbeiningar en felur ekki í sér endanlega hönnun.

Samhlíða framkvæmdum við Dalvíkurlínu 2 hyggst sveitarfélagið Hörgársveit nýta vegslóð til lagningar hjóla- og göngustígs. Breidd helgunarsvæðis strengsins og vegslóðar er samtals 10 metrar.

Landsneti hf. er heimilt við framkvæmdir sínar að undirbúa, að því marki sem unnt er, fyrirhugaða framkvæmd sveitarfélagsins við hjóla- og göngustíginn, í samráði og samkomulagi við sveitarfélagið, sem ber að öllu leyti ábyrgð á framkvæmdum við hjóla- og göngustíginn. Landsnet hf. ber enga ábyrgð á framkvæmdum við hjóla- og göngustíginn og eru allar ákvarðanir og ábyrgð þar að lútandi alfarið á ábyrgð sveitarfélagsins.

4. Landbætur og greiðslustaður

Landsnet skal greiða undirrituðum landeiganda samtals kr. **4.588.400,-** samkvæmt meðfylgjandi tilboðsyfirliti, vegna kvaðar sem hlýst af lagningu 66 kV háspennujarðstrengs, í landi jarðarinnar, sem og fyrir umsamin landnot samkvæmt samningi þessum. Auk framangreindrar fjárhæðar fyrir landsréttindi greiðir Landsnet hf. undirrituðum landeigendum eingreiðslu af fjárhæð kr. **100.000,-** vegna samningagerðar.

1/fp
fm

Greiða skal heildarfjárhæð, samtals kr. 4.688.400,- inn á reikning samkvæmt eftirfarandi fyrirsögn landeigenda:

Vegna: Akureyrarbær kt. 410169-6229, kr. 4.688.400:

bknr. 0565 hb. 26 reikningur nr. 44

Landbætur verða greiddar til landeigenda þegar og ef samningar hafa náðst við alla landeigendur á línuleiðinni og framkvæmdir geta hafist. Öðlist Landsnet ekki öll nauðsynleg réttindi skv. framangreindu kemur ekki til greiðslna samkvæmt samningi þessum og yfirlýsing um kvöð, sbr. 2. lið hér að framan fellur úr gildi og skal aflýst af jörðinni.

Er greiðsla þessi endanleg fullnaðargreiðsla Landsnets til landeigenda fyrir öll réttindi samkvæmt samningi þessum. Á landeigandi eða réttartakar hans engar frekari bótakröfur, hvorki nú né síðar, vegna áðurgreindra réttinda sem veitt eru til framkvæmda við og/eða reksturs 66 kV háspennujarðstrengs. Samningur þessi útilokar ekki rétt landeiganda til að gera kröfu um greiðslu skaðabóta á grundvelli 22. gr. raforkulaga.

Komi til þess að landnot vegna framkvæmdarinnar verði meiri en tilboðsyfirlit gerir ráð fyrir, t.d. ef lengja þarf slóð, endurreiknar Landsnet landbótajárhæð með tilliti til þessa. Ekki er heimilt að lækka samningsfjárhæðina þótt landnot vegna framkvæmdarinnar verði minni en gert er ráð fyrir í tilboðsyfirliti.

5. Forsendur endurskoðunar

Í samningi þessum um uppgjör fébóta vegna landsréttinda í þágu 66 kV háspennujarðstrengs, vegna uppbyggingu flutningskerfis raforku á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, gætir Landsnet að sjónarmiðum um jafnræði þegar kemur að ákvörðun um greiðslu bóta fyrir landnot, sbr. 21.gr laganna. Í því felst að bætur fyrir afnot af landi, sem metið er sömu gerðar og þar sem aðstæður eru með sambærilegum hætti, þ.m.t. afnot þess, skuli metnar með sama hætti og aðferðarfræði. Hækki Landsnet grunnfjárhæðir útreiknings landbóta samkvæmt tilboðsyfirliti vegna sömu framkvæmdar og samningur þessi nær til, í landi þar sem aðstæður teljast samkvæmt þessu sambærilegar, mun Landsnet endurskoða umsamda samningsgreiðslu til hækkunar og greiða samkvæmt þeirri endurskoðun, eftir atvikum mismun á greiddri fjárhæð ef skilyrði greiðslu hafa komið fram og endurskoðaðri fjárhæð. Landeigandi á ekki rétt á verðbótum né vöxtum vegna slíkrar endurskoðunar.

Komist matsnefnd eignarnámsbóta og/eða dómstólar, komi til kasta þessara opinberu aðila, að þeirri niðurstöðu að grunnverð bóta fyrir afnot af hlutaðeigandi landi, sem metið er sömu gerðar og þar sem aðstæður eru sambærilegar, skuli metið hærra en þau grunnverð sem miðað er við í samning samningi þessum skal það koma til hækkunar á þegar umsaminni fjárhæð, með sama hætti og um hækkun af hálfu Landsnets á samningstilboði væri að ræða, sbr. framangreint.

Landsnet skal tilkynna landeigendum um slika niðurstöðu matsnefndar og/eða dómstóla ásamt því að inna viðbótargreiðslu af hendi sem nemur hækkun bóta, að framangreindum skilyrðum uppfylltum. Hafi meira en þrjú ár liðið frá greiðslu samkvæmt samningi þessum er Landsneti heimilt að verðbæta

144
Frn

grunnfjárhæðina sem greidd var áður miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og nota þannig endurreiknaða grunnfjárhæð til samanburðar við niðurstöðu matsnefndar/dómstóla. Landeigendur eiga hvorki rétt á greiðslu verðbóta, vaxta né dráttarvaxta komi til frekari greiðslna af hálfu Landsnets á þessum grundvelli. En verði niðurstaða þessara opinberu aðila sú að grunnverð bóta er metið lægra en miðað er við í samningi þessum kemur ekki til endurgreiðslu af hálfu landeigenda.

6. Kvaðir

Kvaðir eru um að jarðstrengurinn verði lagður með þeim hætti að hægt verði að fram lengja Síðubraut til suðurs að Lögmannshlíðarvegi/Hlíðarfjallsvegi án þess að af því hljótist auka kostnaður fyrir Akureyrarbæ. Kvaðir þessa koma jafnframt fram í framkvæmdaleyfi.

7. Fylgiskjöl með samningi

Fylgiskjöl samnings þessa eru 3 talsins og skoðast þau sem hluti samnings þessa.

- i. Tilboðsyfirlit, dags. 8/7 2024, sbr. 4. gr. samnings þessa.
- ii. Yfirlýsing, dags. 8/7 2024, sbr. 2. gr. samnings þessa.
- iii. Kort af framkvæmdinni sem sýna áhrif hennar, dags. 26/4 og 3/1 2023, sbr. 2. gr. samnings þessa.

8. Ágreiningur, varnarþing

Rísi mál sem tengjast samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

9. Gildistaka, undirritun

Samningur þessi tekur þegar gildi. Til staðfestu öllu framangreindu rita aðilar undir samning þennan:

Akureyri 8. júlí 2024
Staður og dagsetning

F.h. Akureyrarbæjar

Jusgarður Þorláksson

F.h. Landsnets hf.

Tríðiður Marteind

Vottar að réttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift:

Nafn og kt.: Ola M. Guðlaug Þorláksson 280286-2229

Nafn og kt.: Smeltnáspjulum 281274-6009